



## Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps  
mánudaginn 29. maí 2017, kl. 16.00.  
Fundarstaður: Stjórnarsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson formaður og Rebekka Eiríksdóttir. Egill Sigurgeirsson mætti ekki. Einnig sátu fundinn Kristján Ingi Arnarsson byggingafulltrúi og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 1 blaðsíða.

Formaður bauð fólk velkomið og setti fundinn. Formaður spurði eftir öðrum málum á dagskrá, engin mál bárust. Þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

**1. Fundargerð fundar skipulags- húsnæðis- og hafnarnefndar 11. maí 2017.**

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

**2. 1705013 - Tröllendi 1 236-3833, byggingaleyfi fyrir starfsmannahús.**

Teikningar af starfsmannahúsi á lóð Tröllenda 1, unnar af Argos ehf. arkitektarstofu, lagðar fram að nýju.

*Haft hefur verið samband við Skipulagsstofnun, Landmótun og Minjavernd vegna fyrirvara á síðasta fundi nefndarinnar. Með vísun í skipulagslög 123/2010 3. mgr. 43. gr. samþykkir nefndin að um óveruleg frávík frá deiliskipulag sé að ræða, að hagsmunir nágranna skerðist ekki. Nefndin staðfestir því framlögð byggingaráform. Samþykkt samhljóða.*

**3. 1705018- Brekka 3 236-2118, umsókn um byggingarleyfi.**

Teikningar frá Kvarða Teiknistofu dagsettar 26. apríl 2017.

*Nefndin samþykkir framlögð byggingaráform í landi Brekku 3. Samþykkt samhljóða.*

**Önnur mál (ef einhver):** Löglega upp borin.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 16.40

---

---

---

---